

Ísafjörður, 18. maí 2020

Til: Bæjarritara og bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar

Efni: Framkvæmdafé hverfisráðs eyrar og efri bæjar 2018 og 2019

Hverfisráð eyrar og efri bæjar fer þess á leit við bæjaryfirvöld að framkvæmdafé ráðsins fyrir árin 2018 og 2019 fái nýtt í verkefni árið 2020, ásamt framkvæmdafé ársins.

Óskir um nýtingu framkvæmdafjár ársins 2019 voru kynntar bæjaryfirvöldum eftir aðalfund ráðsins sem haldinn var þann 23. maí 2019 og þrjár tillögur sem kosið hafði verið um lagðar fram, m.a. á 1068. fundi bæjarráðs þann 22. júlí 2019:

- a) Æfingatæki á gamla gæsló
 - i. Hreystitæki sem eru ætluð fullorðnum og eldri borgurum, til líkamsæfinga. Norwell eða samskonar tæki.
 - ii. Fleiri staðsetningar ræddar, meðfram hraðbrautinni (göngu-og hjólastíg) frá Eyri, við nýja göngustíginn við fjarðarstræti
 - iii. Tillagan fékk 29 stig í kosningu.
- b) Drykkjarfontar og bekkir
 - i. Drykkjarfontur og bekkir við Safnahús og ef til vill á fleiri stöðum í bænum, t.d. miðbænum eða við hraðbrautina milli Sólborgar og Eyri, ef framkvæmdafé ársins dugar til þess.
 - ii. Tillagan fékk 23 stig í kosningu
- c) Hjólastígur gegnum miðbæinn
 - i. Vegmálning sem afmarkar hjólaakrein eftir Hafnarstrætinu og í það minnsta framhjá Silfurtorgi – áfram Aðalstræti ef það næst
 - ii. Tillagan fékk 20 stig í kosningu.

Engin tillagnanna var framkvæmd.

Óskað var eftir að framkvæmdafé ársins 2018 yrði nýtt til kaupa á leiktækjum og var það samþykkt á 1043. fundi bæjarráðs þann 17. desember 2018.

Engin leiktæki voru keypt.

Í ár leggur ráðið til að keypt verði hreystitæki ætluð fullorðnum og eldri borgurum og að samanlagt framkvæmdafé árána 2018-2020 verði nýtt til kaupa, jarðvinnu og uppsetningar á tækjunum. Sömuleiðis er óskað eftir því að staðsetning tækja verði ákveðin í samráði við ráðið.

Fyrir hönd hverfisráðs eyrar og efri bæjar,

Tinna Ólafsdóttir